

Mosfellsbæ, 16. maí 2007

## Yfirlýsing frá Helgafellsbyggingum

Í tilefni þeirra skemmda sem unnar voru á vinnuvélum í Helgafellslandi í nótt og ollu milljóna tjóni, vilja Helgafellsbyggingar ítreka þann ásetning sinn að vinna áfram að uppbyggingu Helgafellshverfis í samræmi við þau leyfi sem fyrirtækið hefur til framkvæmda á svæðinu. Fyrirtækið vill enn fremur undirstrika þann ásetning sinn að verkið sé unnið í sem bestri sátt, bæði við nágrannana og umhverfið.

Helgafellsbyggingar hf. fordæma þau alvarlegu skemmdarverk sem unnin voru á vélum verktakans á svæðinu og telur þau málstað þeirra sem vilja standa gegn uppbyggingunni alls ekki til framdráttar. Helgafellsbyggingar harma sérstaklega framgöngu varaformanns Varmársamtakanna en hann vann skemmdir á girðingu við framkvæmdasvæðið eins og sást í fréttum í gærkvöldi. Er augljóst að þar var tónninn gefinn fyrir þau skemmdarverk sem unnin voru í nótt, hver sem þar var að verki.

Til að auka líkur á að sátt náist um málið í heild sinni er skorað á þá sem unnu skemmdirnar í nótt að gefa sig fram og axla ábyrgð gjörða sinna. Ella er vonast til þess að lögregla upplýsi málið sem fyrst og að þeir seku verði dregnir til ábyrgðar. Íbúum í Álafosskvos og nágrenni sem kunna að hafa orðið vitni að skemmdarverkunum er bent á að snúa sér til lögreglunnar í Mosfellsbæ með allar upplýsingar sem að gagni kunna að koma.

f.h. Helgafellsbygginga hf.  
Hannes Sigurgeirsson  
Sími 840 6801